

Barnaverndarstofa
07 400

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Barnaverndarstofa

kt. 700595-2699

Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn ráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnslu á því sviði sem barnaverndarlög ná til. Ráðherra ákveður aðsetur Barnaverndarstofu og skipar forstjóra hennar. Barnaverndarstofa skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu og vera ráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum. Hún skal hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknastarf á sviði barnaverndar. Barnaverndarstofa skal hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir í landinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreining þess fram í starfspáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.555,9 milljónir og afkoma kr. -36,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 131,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 733,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Barnaverndarstofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Barnaverndarstofu fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Heiða Björg Pálmadóttir
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.525.800.000	1.474.700.000
Seld þjónusta	3	4.050.740	10.522.599
Vörusala		2.500	9.500
Framlög og ýmsar tekjur	4	16.479.235	6.448.079
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	9.567.669	8.807.522
Tekjur samtals		<u>1.555.900.144</u>	<u>1.500.487.700</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.021.586.995	946.690.444
Annar rekstrarkostnaður	6	561.366.297	491.995.233
Afskriftir	7	9.567.669	8.807.522
Gjöld samtals		<u>1.592.520.961</u>	<u>1.447.493.199</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(36.620.817)	52.994.501
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(214.700)</u>	<u>(100.869)</u>
		(214.700)	(100.869)
Afkoma ársins		<u><u>(36.835.517)</u></u>	<u><u>52.893.632</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	353.150	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		34.080.063	23.869.849
Farartæki og vélar		13.867.062	10.176.905
Aðrar eignir		21.387	26.966
Verk í vinnslu		6.392.997	0
		<u>54.361.509</u>	<u>34.073.720</u>
Fastafjármunir samtals		<u>54.714.659</u>	<u>34.073.720</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	911.338	3.567.274
Tengdir aðilar	11	661.453.511	495.887.954
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		14.405.815	8.207.803
Handbært fé		1.708.343	31.539
Veltufjármunir samtals		<u>678.479.007</u>	<u>507.694.570</u>
Eignir samtals		<u>733.193.666</u>	<u>541.768.290</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		131.588.029	168.423.546
Eigið fé samtals		<u>131.588.029</u>	<u>168.423.546</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	2.245.754	82.842
Viðskiptaskuldir		25.995.635	27.318.111
Ýmsar skammtímaskuldir	13	96.651.039	90.959.287
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	476.713.209	254.984.504
Skuldir samtals		<u>601.605.637</u>	<u>373.344.744</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>733.193.666</u>	<u>541.768.290</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(36.835.517)	52.893.632
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	9.567.669	8.807.522
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(9.567.669)	(8.807.522)
		<u>(36.835.517)</u>	<u>52.893.632</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(3.542.076)	12.084.652
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		4.369.276	11.992.516
		<u>827.200</u>	<u>24.077.168</u>
		<u>(36.008.317)</u>	<u>76.970.800</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(508.513)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(23.307.098)	(10.407.145)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(6.392.997)	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		96.374	317.929
		<u>(30.112.234)</u>	<u>(10.089.216)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(163.402.645)	(297.889.809)
Fjárfestingarframlag		231.200.000	231.000.000
		<u>67.797.355</u>	<u>(66.889.809)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.676.804	(8.225)
		<u>31.539</u>	<u>39.764</u>
		<u>1.708.343</u>	<u>31.539</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Almennur rekstur		Heimili fyrir börn og	Viðbygging	Samtals 2019
	07 400 101		unglinga		
			07 400 120		
	Málefna svið - málaflokkur				
	24 10	24 10	24 10		
Tekjur					
Tekjufærsla fjárveitinga	1.411.600.000	114.200.000		0	1.525.800.000
Seld þjónusta	4.050.740	0		0	4.050.740
Vörusala	2.500	0		0	2.500
Framlög og ýmsar tekjur	16.479.235	0		0	16.479.235
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	9.308.820	258.849		0	9.567.669
Tekjur samtals	1.441.441.295	114.458.849		0	1.555.900.144
Gjöld					
Laun og launatengd gjöld	905.611.594	115.975.401		0	1.021.586.995
Annar rekstrarkostnaður	377.621.016	183.745.281		0	561.366.297
Afskriftir	9.308.820	258.849		0	9.567.669
Gjöld samtals	1.292.541.430	299.979.531		0	1.592.520.961
Afkoma fyrir fjármagnsliði	148.899.865	(185.520.682)		0	(36.620.817)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(212.878)	(1.822)		0	(214.700)
	(212.878)	(1.822)		0	(214.700)
Afkoma ársins	148.686.987	(185.522.504)		0	(36.835.517)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.255.600.000	240.200.000		0	1.495.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	156.000.000	(126.000.000)		0	30.000.000
Fjárveiting til tekna	1.411.600.000	114.200.000		0	1.525.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(1.262.913.013)	(299.722.504)		0	(1.562.635.517)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	148.686.987	(185.522.504)		0	(36.835.517)
Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs	(126.119.119)	298.883.550		(4.340.885)	168.423.546
Fjárfestingar					
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum	6.200.000	0		225.000.000	231.200.000
Fjárfesting á árinu	(23.648.271)	(610.090)		(5.950.247)	(30.208.608)
Sala fastafjármuna	96.374	0		0	96.374
Staða fjárfestingarfjárveitingar	(17.351.897)	(610.090)		219.049.753	201.087.766
Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs	(2.780.442)	(1.308.774)		225.000.000	220.910.784
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019	(20.132.339)	(1.918.864)		444.049.753	421.998.550

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnum og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnum. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnumartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.525.800.000	1.478.700.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(4.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	1.525.800.000	1.474.700.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	9.567.669	8.807.522
	<u>1.535.367.669</u>	<u>1.483.507.522</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.495.800.000	0	0	1.495.800.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Millifærslur milli fjárlagaliða	30.000.000	0	0	30.000.000
Fjárveiting til tekna	1.525.800.000	0	0	1.525.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(1.562.635.517)	0	0	(1.562.635.517)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(36.835.517)	0	0	(36.835.517)

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	2.531.283	3.382.599
Ýmsar þjónustutekjur	517.500	2.100.000
Fræðslustarfsemi og fundir	1.001.957	5.040.000
	<u>4.050.740</u>	<u>10.522.599</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	11.000.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	669.852	0
Ýmsar tekjur	4.809.383	6.448.079
	<u>16.479.235</u>	<u>6.448.079</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	827.195.109	753.688.403
Orlof, breyting	20.540	12.622.145
Launatengd gjöld	188.423.346	174.124.941
Starfsmannakostnaður	5.948.000	6.254.955
	<u>1.021.586.995</u>	<u>946.690.444</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	89,9	86,1

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.355.467	2.736.471
Byggingarvörur, almennar	599.422	415.735
Byggingarvörur, aðrar	742.680	1.243.799
Tæki og búnaður til innréttinga	15.068	673.479
Ýmis tæki og áhöld	5.405.681	3.452.083
Varahlutir og viðhaldsvörur	37.287	167.702
Orkugjafir	8.207.703	8.708.289
Matvæli	38.796.868	34.762.912
Almennar rekstrarvörur	3.119.120	3.258.816
Vörukaup, almenn	59.279.296	55.419.286
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar	11.538	0
Rannsóknarstofuefni	315.187	593.023
Kennslu- og föndurvörur	583.831	878.859
Ýmsar sérgreindar vörur	109.260	102.755
Vörukaup, sérgreind	1.019.816	1.574.637
Fundir, námskeið, risna	3.297.721	2.900.407
Ferðir, uppihald	22.320.178	20.022.966
Akstur	19.086.709	19.280.917
Sérfræðiþjónusta	53.982.156	33.473.334
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	573.824	278.795
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.153.173	3.195.620
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	6.496.864	5.476.492
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	108.910.625	84.628.531
Samningsbundin kaup og leiga	280.607.562	218.557.621
Afnotagjöld	16.700.761	16.197.321
Leigugjöld	73.901.198	63.497.383
Notkun véla og flutningatækja	165.133	377.340
Verkkaup	14.987.694	15.576.415
Kostnaðarhlutdeild	1.937.548	2.463.676
Áhættutap og bætur	7.590	84.650
Tryggingar, lögboðnar	947.888	1.094.499
Opinber gjöld	1.075.137	835.662
Tilfærslur	1.595.715	31.688.212
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	391.926.226	350.372.779
Vörukaup II	230.334	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	230.334	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	561.366.297	491.995.233
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.831.886	6.119.943
Farartæki og vélar	2.574.841	2.682.000
Aðrar eignir	5.579	5.579
Niðurfærsla óefnislegra eigna	155.363	0
	9.567.669	8.807.522

Skýringar

8 Óefnislegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	353.150	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		0
Viðbót á árinu		508.513
		<u>508.513</u>
Niðurfært 1.1.2019		0
Niðurfærsla ársins		155.363
		<u>155.363</u>
Staða 31.12.2019		<u>353.150</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	34.080.063	23.869.849
Farartæki og vélar	13.867.062	10.176.905
Aðrar eignir	21.387	26.966
	<u>47.968.512</u>	<u>34.073.720</u>
Verk í vinnslu	6.392.997	0
	<u>6.392.997</u>	<u>0</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	56.136.791	27.808.210	55.791	84.000.792
Viðbætur á árinu	17.042.100	6.264.998	0	23.307.098
	<u>73.178.891</u>	<u>34.073.208</u>	55.791	107.307.890
Afskriftir 1.1.2019	32.266.942	17.631.305	28.825	49.927.072
Afskrift ársins	6.831.886	2.574.841	5.579	9.412.306
	<u>39.098.828</u>	<u>20.206.146</u>	34.404	59.339.378
Staða 31.12.2019	<u>34.080.063</u>	<u>13.867.062</u>	21.387	<u>47.968.512</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
10 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	911.338	3.567.274
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	911.338	3.567.274

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	661.453.511	423.055.283
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	60.000
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	72.772.671
	661.453.511	495.887.954

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	2.245.754	82.842
	2.245.754	82.842

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	168.423.546	115.529.914
Afkoma ársins	(36.835.517)	52.893.632
Jöfnuður 31.12.	131.588.029	168.423.546

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof	90.979.827	90.959.287
Ógreidd laun	4.331.674	0
Önnur ógreidd gjöld	1.339.538	0
	96.651.039	90.959.287

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	54.714.659	34.073.720
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	421.998.550	220.910.784
	<u>476.713.209</u>	<u>254.984.504</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	34.073.720	220.910.784	254.984.504
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	231.200.000	231.200.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	96.374	96.374
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	23.307.098	(23.307.098)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	508.513	(508.513)	0
Fjárfesting vegna verk í vinnslu	6.392.997	(6.392.997)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(9.567.669)	0	(9.567.669)
	<u>54.714.659</u>	<u>421.998.550</u>	<u>476.713.209</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 9,3 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert bundna og ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 73,8 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 191,7 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.